

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 9/2022

2022/EES/42/09

frá 4. febrúar 2022

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/573 frá 15. desember 2017 um lykilþætti samninga sem á að gera um gagnageymslur sem hluta af rekjanleikakerfi fyrir tóbaksvörur ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/574 frá 15. desember 2017 um tæknistaðla til að koma á fót og starfrækja rekjanleikakerfi fyrir tóbaksvörur ⁽²⁾, sbr. leiðréttingar í Stjtið. ESB L 252, 8.10.2018, bls. 47.
- 3) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/576 frá 15. desember 2017 um tæknistaðla fyrir öryggisþætti sem beitt er varðandi tóbaksvörur ⁽³⁾.
- 4) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það,

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRÐUN:

1. gr.

Eftirfarandi er bætt við á eftir lið 3h (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/779) í XXV. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

- „3i. **32018 R 0573:** Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/573 frá 15. desember 2017 um lykilþætti samninga sem á að gera um gagnageymslur sem hluta af rekjanleikakerfi fyrir tóbaksvörur (Stjtið. ESB L 96, 16.4.2018, bls. 1).
- 3j. **32018 R 0574:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/574 frá 15. desember 2017 um tæknistaðla til að koma á fót og starfrækja rekjanleikakerfi fyrir tóbaksvörur (Stjtið. ESB L 96, 16.4.2018, bls. 7), sbr. leiðréttingar í Stjtið. ESB 252, 8.10.2018, bls. 47.

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er EES-samninginn varðar, aðlöguð sem hér segir:

- a) Í a-lið 6. mgr. 7. gr., að því er varðar EFTA-ríkin, orðast „20. maí 2020“ sem „16 mánuðum eftir gildistökudag ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 9/2022 frá 4. febrúar 2022“.

Í a-lið 6. mgr. 7. gr., að því er varðar EFTA-ríkin koma orðin „almanaksárinu sem ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 9/2022 frá 4. febrúar 2022 öðlast gildi“ í stað orðanna „almanaksárinu 2019“.

- b) Í b-lið 6. mgr. 7. gr., að því er varðar EFTA-ríkin, koma orðin „tveimur árum eftir gildistöku sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 9/2022 frá 4. febrúar 2022“ í stað orðanna „20. maí 2021“.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 96, 16.4.2018, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 96, 16.4.2018, bls. 7.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 96, 16.4.2018, bls. 57.

- c) Í 1. mgr. 37. gr., að því er varðar EFTA-ríkin, koma orðin „16 mánuðum eftir gildistöku ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 9/2022 frá 4. febrúar 2022“ í stað orðanna „20. maí 2019“.

Í 1. mgr. 37. gr., að því er varðar EFTA-ríkin, koma orðin „tveimur árum og fjórum mánuðum eftir gildistöku ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 9/2022 frá 4. febrúar 2022“ í stað orðanna „20. maí 2020“.

- d) Í 2. mgr. 37. gr., að því er varðar EFTA-ríkin, koma orðin „fimm árum eftir gildistöku ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 9/2022 frá 4. febrúar 2022“ í stað orðanna „20. maí 2024“.

Í 2. mgr. 37. gr., að því er varðar EFTA-ríkin, koma orðin „sjö árum eftir gildistöku ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 9/2022 frá 4. febrúar 2022“ í stað orðanna „20. maí 2026“.

- 3k. **32018 D 0576:** Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/576 frá 15. desember 2017 um tæknistaðla fyrir öryggisþætti sem beitt er varðandi tóbaksvörur (Stjtið. ESB L 96, 16.4.2018, bls. 57).

Ákvæði ákvörðunarinnar skulu, að því er EES-samninginn varðar, aðlöguð sem hér segir:

- a) Í 4. mgr. 3. gr., að því er varðar EFTA-ríkin, koma orðin „átta mánuðum eftir gildistöku ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 9/2022 frá 4. febrúar 2022“ í stað orðanna „20. september 2018“.

- b) Í 3. mgr. 4. gr., að því er varðar EFTA-ríkin, koma orðin „átta mánuðum eftir gildistöku ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 9/2022 frá 4. febrúar 2022“ í stað orðanna „20. september 2018“.

- c) Í 1. mgr. 9. gr., að því er varðar EFTA-ríkin, koma orðin „sextán mánuðum eftir gildistöku ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 9/2022 frá 4. febrúar 2022“ í stað orðanna „20. maí 2019“.

Í 1. mgr. 9. gr., að því er varðar EFTA-ríkin, koma orðin „tveimur árum og fjórum mánuðum eftir gildistöku ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 9/2022 frá 4. febrúar 2022“ í stað orðanna „20. maí 2020“.

- d) Í 2. mgr. 9. gr., að því er varðar EFTA-ríkin, koma orðin „fimm árum eftir gildistöku ákvæðum ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 9/2022 frá 4. febrúar 2022“ í stað orðanna „20. maí 2024“.

Í 2. mgr. 9. gr., að því er varðar EFTA-ríkin, koma orðin „sjö árum eftir gildistöku ákvæðum ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 9/2022 frá 4. febrúar 2022“ í stað orðanna „20. maí 2026“.

2. gr.

Texti framseldrar reglugerðar (ESB) 2018/573, framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2019/574, sbr. leiðréttingar í Stjtið. ESB L 252, 8.10.2018, bls. 47, og framkvæmdarákvörðunar (ESB) 2018/576, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, er gildur á íslensku og norsku.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 5. febrúar 2022, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi farið fram (*), eða á gildistöku ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 6/2022 frá 4. febrúar 2022 (4), eftir því hvor dagsetningin er síðar.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

(4) Stjtið. ESB L 175, 30.6.2022, bls. 11, og EES-viðbætur nr. 42, 30.6.2022, bls. 11.

Gjört í Brussel 4. febrúar 2022.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Nicolas von Lingen

formaður.